



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2016

FÉLA2BY05

Einstaklingur og samfélag

Kennari:	María Ben Ólafsdóttir	Sk.st.	MBÓ
-----------------	------------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Byrjunaráfangi í félagsfræði sem kynnir nemendum félagsvísindi. Meginmarkmið áfangans er að nemendur átti sig á því hvernig samfélagið hefur áhrif á þá og hvernig þeir geta haft áhrif á samfélagið.

Lögð er áhersla á að nemendur skilji umhverfi sitt og verði færir um að taka virkan þátt í samfélagslegri umræðu og mynda sér skoðun á meðvitaðan og gagnrýninn hátt.

Undanfari: Enginn

Pekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Viðfangsefnum og hugtökum félagsfræðinnar sem tengjast námsefninu, t.d. kenningum og félagsfræðilegum gleraugum.
- helstu aðferðum félagsfræðinnar,
- þeim félagslegu stofnunum sem hafa áhrif á líf hans til dæmis, fjölskyldan, trúarbrögð, efnahagskerfið og stjórnkerfi,
- hvernig hann getur haft áhrif á félagslegar stofnanir, hvað félagsmótun er og dæmi um notkun hennar,
- réttindum og skyldum hans gagnvart samfélaginu,
- félagslegri sjálfbærni.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita algengustu hugtökum félagsvísinda á skýran og skilmerkilegan hátt,
- afla fjölbreyttra gagna,
- vinna sjálfstætt og gagnrýnið með efni áfangans,
- lesa og skilja umfjöllun um félagsfræðileg málefni,
- geta beitt öguðum vinnubrögðum, tekið ábyrgð á eigin námi og unnið í samvinnu við aðra,
- tjá sig í ræðu og riti um samfélagsleg málefni.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Tjá sig skipulega og gagnrýnið um einstaka efnisþætti,
- geta tekið þátt í umræðum um samfélagsleg málefni og myndað sér skoðanir sem byggjast á gagnrýnni hugsun,
- afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér þær,
- geti hagnýtt Netið til að afla sér þekkingar um félagsfræðileg viðfangsefni,
- tjá sig skipulega og gagnrýnið um samfélagsleg álitamál,
- geta sett sig í spor annarra.

Námsefni:

Félagsfræði 1, Einstaklingur og samfélag eftir Garðar Gíslason. 2008

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dæmi:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1	18. – 19. ágúst	Kynning á áfanganum – skipulag.	Hvað er félagsfræði? 5%
2	22. – 26. ágúst	Félagsfræði og skyldar greinar.	Vinnustofa. 5%.
3-4	29. ágúst-9. sept	Einstaklingur og samfélag.	Myndbandsverkefni. 10%
5-6	12.-23. sept	Aðferðafræði, skoðanakönnun.	Skoðanakönnun. 15%
7	26. – 30. sept	Upprifjun á efni.	Gagnapróf. 15%
8-9	3. okt-13. okt	Menning og trú. Mismunandi trúarbrögð og tenging við gerð samfélaga.	Vinnustofa. 15%
10	17.-21. okt	Fjölskyldan og sambúðarform.	Vinnustofa. 5%
11-13	24. okt til 11. nóv	Samfélag, hagkerfi og stjórnsmál.	Nýja Ísland - verkefni. 10%
14-15	14. – 25. nóv	Upprifjun á efni.	Hóppróf. 10%
16	28. nóv. – 2. des	Samantekt og úrvinnsla.	Könnun. 10%

Sérreglur áfangans:

Nauðsynlegt er að taka bæði gagnapróf og hóppróf. Gerð er krafa um 90% skilaskyldu verkefna. Ef nemandi getur ekki skilað verkefni vegna óviðráðanlegra orsaka skal hann tala við kennara um leið og það er ljóst. Síðasta vika annarinnar getur verið notuð til að vinna það upp með sérverkefnum. Mætingarskylda er í samræmi við reglur skólans. Farsímar eru leyfðir án hljóðs og leikja, eingöngu til náms, í samræði við kennara. Fjarvera úr kennslustund lengur en 10 mín samsvarar fjarvist nema kennari taki annað fram.

Fyrirkomulag námsmats:

Dæmi:

Námspáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Vinnustofur og verkefni	Sjö einstaklings/hópverkefni.	65%
Próf	Gagnapróf og hóppróf.	25%
Könnun	Könnun í lok annar.	10%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

María Ben Ólafsdóttir